

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2004 2004110380

*Alþingi 131/263*  
*Erindi nr. Þ 131/263*  
*komudagur 29.11.2004*

**Umsögn - mál nr. 351 - skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.**

Í frumvarpi þessu eru í fyrsta lagi breytingar á skatthlutföllum, m.a. niðurfelling eignarskatts, í öðru lagi breytingar á lögum nr. 90/2003 og öðrum lögum sem leiðir af niðurfellingu eignarskattsins og í þriðja lagi nokkrar breytingar á ákvæðum laga nr. 90/2003 er varða skattframkvæmd.

Ríkisskattstjóri sér ekki tilefni til að koma að athugasemdum við tvo fyrri liðina. Tillögur um aðrar breytingar eru m.a. gerðar að ábendingu embættis ríkisskattstjóra og gefa ekki tilefni til umfjöllunar að öðru leyti en því að undirstrika mikilvægi þeirrar breytingar sem felst í 24. gr. frumvarpsins. Vaxandi fagmennska og tækni við skattsvik leiðir til þess að þau uppgötvast seint, skattrannsókn verður umfangsmeiri og seinunnari og skattákvörðun á grundvelli rannsóknar tímafrekari. Það hefur sýnt sig að núverandi tímamörk og viðmiðun fyrningar við árið sem tekjum er skotið undan er óraunhæf og óeðlileg þegar um brotamál er að ræða.

Virðingarfyllt

  
Indriði H Þorláksson